

6. nóvember 1984

661

Nr. 411

## AUGLÝSING

**um söluskatt af innfluttum, prentuðum bókum, bæklingum og öðrum þess konar ritum á erlendu máli í tollskrárnúmeri 49.01.09.**

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, að hámarksfjárhæð tollverðs af söluskattsfrjálsum innflutningi í tollskrárnúmeri 49.01.09 skuli vera kr. 500.

Niðurfelling söluskatts er bundin því skilyrði að um sé að ræða innflutning til eigin nota og varan sé ekki ætluð til endursölu. Þó tekur niðurfellingin ekki til sýnishorna, heldur fer um söluskatt af þeim samkvæmt leiðbeiningum til tollyfirvalda um tollmeðferð á verðlitlum sýnishornum. Auglýsing þessi tekur gildi frá og með 10. nóvember 1984.

*Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1984.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

6. nóvember 1984

Nr. 412

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 219, 14. júní 1978, um stimpilgjald af váttryggingarskjölum.**

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Sjóváttryggingar á varningi, tryggingar á varningi fluttum með flugvélum eða landfarartækjum og farangurstryggingar, stimplast með krónum 0,24 af þúsundi eða broti úr þúsundi váttryggingarfjárhæðar sbr. þó 7. tl. 1. mgr. 10. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr tölulíður er verði 7. tl. og orðast svo:  
Farmtryggingar vegna flutnings milli Íslands og annarra landa.